

AUGLÝSING um deiliskipulagsbreytingar í Garðabæ.

Breyting deiliskipulags Hraunsholts eystra (Fitjar – Hólar).

Breytingin nær til lóðarinnar Hraunhólar 15 og felur í sér stækkun á byggingarreit um 7 m² sem nemur úthorni byggingar til suðausturs.

Breytingin nær til lóðarinnar Hraunhólar 20-26 og felur í sér stækkun byggingarreits um 3 m².

Breytingin nær til lóðarinnar Lynghólar 28-38 og gerir ráð fyrir að í stað tveggja einbýlishúsalóða komi 4 raðhúsalóðir og ein parhúsalóð 570 -790 m² að stærð (6 íbúðaeiningar). Aðkoma verður um Lynghóla og standa húsin við þá götu og verða númer 28, 30, 32, 34, 36 og 38.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingar þessar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 5. febrúar 2008.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.